

Mánaðaryfirlit

Samningsbundin lánshæfismöt

Fyrsta mánaðaryfirlit Reitunar

Reitun mun framvegis gefa út mánaðaryfirlit í byrjun hvers mánaðar. Yfirlitið verður samantekt á uppfærslum, greiningum og fréttum mánaðarins. Fyrsta útgáfan er með aðeins öðru sniði þar sem hér er um að ræða **samantekt fyrir júní-september**. Hér á eftir eru kynntar niðurstöður samningsbundinna lánshæfismata sem uppfærð hafa verið það sem af er þessu ári auk þess sem skuggamöt eru kynnt.

- **Arion Banki**
- **Sértryggð skuldabréf**
Arion banka
- **Kópavogur**
- **Lánshæfismöt:**
Samningsbundin og
skuggamöt
- **Uppfærslur**

Reitun lauk í júlí uppfærslu á lánshæfismati **Arion banka** sem og **sértryggðum bréfum** bankans. Einnig var lokið við uppfærslu á lánshæfismati **Kópavogsbæjar**. Bæði Arion banki og Kópavogur eru með **samning** við Reitun um **reglubundið mat** á lánshæfi. Í því felst að lánshæfismöt eru uppfærð tvisvar sinnum á ári auk þess sem útgefendur skuldbinda sig til að tilkynna Reitun um atburði sem kunna að hafa áhrif á lánshæfi.

Reitun framkvæmir einnig **skuggamöt** til þess að mæta **eftirspurn fjárfesta** eftir lánshæfismötum á útgefendur skuldabréfa sem ekki eru með samningsbundið mat hjá Reitun. Skuggamöt eru eingöngu byggð á opinberum upplýsingum og því er töluverð óvissa fólgin í þeim.

Arion banki: Jákvæðar horfur (Uppfært í júlí)

Lánshæfismat Reitunar á lánshæfi Arion banka er B+ með jákvæðum horfum. Lánshæfismatið hækkaði því úr stöðugum horfum í jákvæðar horfur. Gæði lánasafns bankans eru að aukast og kennitölur munu styrkjast við lok fjárhagslegar endurskipulagningar nokkurra stórra aðila, sem unnið hefur verið að. Gangi það eftir í samræmi við áætlanir mun einkunn bankans hækka að öðru óbreyttu. Hátt mat byggir á sterku eiginfjárlutfalli bankans, sterku lausafjórhlutfalli og sterkri markaðsstöðu ásamt utanaðkomandi stuðningi Seðlabankans ef til þess kæmi. Sérstakar aðstæður á Íslandi, s.s. gjaldeyrishöft, uppgjör við kröfuhafa og pólitísk óvissa, hafa verulega neikvæð áhrif á alþjóðlegt lánshæfismat íslenska ríkisins og þar með bankans og mun það torvela erlenda lánsfjármögnun hans. Bankinn er þó vel fjármagnaður í erlendri mynt og þarf ekki á endurfjármögnun að halda á næstunni.

Sértryggð skuldabréf Arion banka: Mat byggir á tryggingasafni

Lánshæfismat Reitunar á sértryggðum skuldabréfum Arion banka er A með stöðugum horfum. Lánshæfismat skuldabréfanna byggir bæði á lánshæfismati Arion banka og mati á áhættu tryggingasafnsins en safnið á að lágmarki að nema 105% af útistandandi höfuðstól. Að mati Reitunar er lausafjár- og eiginfjárstaða Arion banka sterk og því hefur bankinn góðan viðnámsþrótt gagnvart áföllum. Auk þess eru tryggingar sértryggðu bréfanna góðar og væntar endurheimtur bréfanna því miklar.

Kópavogur: Einkunn hækkar (Uppfært í júlí)

Lánshæfismat Kópavogsbæjar hefur hækkað úr B í B+ með stöðugum horfum. Ekkert bendir til annars en að sveitarfélagið nái að viðhalda stöðugu og sterku veltufé frá rekstri. Þannig getur sveitarfélagið smám saman lækkað skuldir sínar og náð settum markmiðum um skuldahlutföll á næstu árum. Efnahagsleg óvissa og þróun efnahagsmála í kjölfar skuldakreppu í Evrópu getur þó sett strik í reikninginn, a.m.k. til skamms tíma. Sveitarfélagið er skuldsett en á allnokkuð af byggingarlóðum á móti en úthlutun þeirra mun lækka skuldahlutfallið verulega.

Samningsbundin lánshæfismöt og skuggamöt

Þegar skuldabréfaútfefandi gerir **samning** við Reitun um reglubundið lánshæfismat er framkvæmd ítarleg greining þar sem lagt er mat á þá þætti sem hafa áhrif á greiðslufall og væntar endurheimtur. Við gerð samningsbundins mats hafa greinendur Reitunar aðgang að stjórnendum og geta kallað eftir þeim gögnum sem æskileg eru við framkvæmd matsins. Greinandi fær því tímabundna stöðu innherja sem er aflétt þegar lánshæfismatið er birt. Ýmis ákvæði eru í samningum milli Reitunar og útgefanda sem eru til þess fallin að styrkja matið og auka vissu. Sem dæmi má nefna að útgefendur skuldbinda sig til þess að tilkynna Reitun um atburði sem kunna að hafa áhrif á lánshæfismatið.

Til þess að mæta eftirspurn fjárfesta eftir lánshæfismati metur Reitun einnig lánshæfi skuldabréfaútfefanda sem ekki eru með samning. Slíkt mat nefnist **skuggamat** og byggir einvörðungu á opinberum upplýsingum, þ.e. sömu upplýsingum og fjárfestar hafa aðgang að. Eðli málsins samkvæmt er því meiri óvissa varðandi greiningu og einkunn útgefenda með skuggamat heldur en útgefenda með samningsbundið lánshæfismat þar sem Reitun hefur ekki aðgang að öllum þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru.

Uppfærslur á síðari hluta ársins

Reitun hefur þegar metið þá útgefendur sem eru birtir hér að neðan. **Hakað hefur verið við þá útgefendur sem búið er að uppfæra lánshæfismat hjá í kjölfar birtingar 6 mánaða uppgjörs.**

Reitun uppfærir lánshæfismöt 2x á ári. Samningsbundin möt eru uppfærð oftast ef tilefni er til. Unnið er að lánshæfisgreiningum fleiri aðila en hér eru birtir.

Rekstrarfélög

- CCP✓
- Eik
- Farice✓
- Félagsbústaðir
- HS Veitur✓
- Icelandair✓
- Landsnet✓
- Orkuveita Reykjavíkur
- Rarik✓
- Reitir II
- Skipti✓
- Sláturfélag Suðurlands✓
- Spölur✓

Sveitarfélög

- Akureyri
- Fjarðarbyggð
- Fljótsdalshérað
- Kópavogur✓
- Mosfellsbær
- Norðurþing
- Reykjanesbær
- Reykjavíkurborg
- Árborg
- Vestmannaeyjar

Fjármálastofnanir

- Arion banki ✓
- Arioin banki:
Sértryggð✓
- Byggðastofnun
- Íslandsbanki:
Sértryggð
- Lánasjóður
landbúnaðarins
- Lánasjóður
sveitarfélaga